

**417. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,  
Tálknafirði, fimmtudaginn 3. júní 2010 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir (BB), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir ,

Oddviti setti fundinn og athugaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá, svo var ekki. Oddviti óskaði eftir tilbrigði við dagskrá og sett yrði á dagskrá endurskoðunarskýrsla Tálknafjarðarhrepps fyrir árið 2009 undir dagskrárlið nr. 13, aðrir dagskrárliðir færast neðar sem því nemur. Samþykkt samhljóða. Gengið til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1. 1005009F - Samráðsnefnd Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur - 19**  
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 2. 1005011F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 52**  
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 3. 1005010F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 32**
  - liður tekinn út til afgreiðslu, hreppsnefnd tekur málið fyrir aftur þegar kostnaðaráætlun liggur fyrir.  
liðir 2-4 staðfestir samhljóða.
- 4. 1005059 - Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerð 774.fundar stjórnar 7.maí 2010**  
Lagt fram til kynningar.
- 5. 1005137 - Mennta- og menningarmálaráðuneytið eftirfylgni vegna úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla á tímabilinu 2008 og 2009**  
Sveitarstjórn samþykkir þátttöku og skólastjóra falið að tilkynna þátttöku Tálknafjarðarskóla, tilkynning þess efnis verður send skólanefnd. Samþykkt samhljóða.
- 6. 1005131 - Stofnun Árna Magnússonar beiðni um styrk**  
Styrkbeiðni hafnað samhljóða.
- 7. 1005112 - Félags- og tryggingamálanefnd frumvarp til laga um orlof húsmæðra 77.mál**  
Hreppsnefnd tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð og leggur til að frumvarp til laga um orlof húsmæðra, 77. mál, verði samþykkt og lög um orlof húsmæðra felld úr gildi. Samþykkt samhljóða.

- 8. 1005083 - Samband íslenskra sveitarfélaga kostnaðaráhrif nýrra laga frá 2008 um leikskóla og grunnskóla**  
Hreppsnefnd tekur undir bókanir og afgreiðslu stjórnar sambandsins á 774. fundi og undirstrikar mikilvægi þess að málinu sé fylgt vel eftir. Erindinu vísað til skólanefndar til upplýsinga. Samþykkt samhljóða.
- 9. 1005082 - Samband íslenskra sveitarfélaga umbætur á vsk umhverfi sveitarfélaganna**  
Lagt fram til kynningar.
- 10. 1006001 - Tillaga forstöðumanns Íþróttahúss að gjaldskrárbreytingum sumarið 2010**  
Tillögur forstöðumanns samþykktar samhljóða.
- 11. 0909084 - Orkustofnun. Heitt vatn. Kynning á stöðu mála**  
Farið yfir samningsfund sem haldinn var 2.júní, með fulltrúum landeigenda og lögmanni sveitarfélagsins. Standa vonir til að samningar liggi fyrir undir lok júní.
- 12. 1005012 - Hafnarvörður tillaga að gjaldskrá og hafnarreglugerð fyrir Tálknafjarðarhöfn**  
Hafnarreglugerð var tekin til fyrri umræðu á 414. fundi þann 3. maí og síðari umræðu nú og verður send ráðuneytinu til samþykktar. Samþykkt samhljóða.
- 13. 1006004 - Endurskoðunarskýrsla Tálknafjarðarhreppur fyrir árið 2009**  
Skýrslan samþykkt einróma.
- 14. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**  
Oddviti lagði fram tillögu um breyttan vinnutíma vinnuskóla, þannig að unnið verði 4 daga vikunnar, þannig að alltaf verður frí á föstudögum. Samþykkt samhljóða.
- 15. 1005138 - Vinnueftirlitið eftirlit í byggingar- og mannvirkjagerð, hertar aðgerðir**  
Lagt fram til kynningar.
- 16. 1005136 - Starfsendurhæfing Vestfjarða aðalfundur fundargerð, ársskýrsla og ársreikningar**  
Lagt fram til kynningar.
- 17. 1005135 - Landskerfi bókasafna aðalfundur 26.maí 2010**  
Lagt fram til kynningar.
- 18. 1005132 - Jöfnunarsjóður sveitarfélaga endanlegt framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda**  
Lagt fram til kynningar.

Oddviti þakkaði sveitarstjórn fyrir samstarfið á kjörtímabilinu og óskaði þeim velfarnaðar í því sem fyrir þeim liggur.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:20**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____